

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

## 1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Gjald fyrir *blandaðan heimilisúrgang*:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
A.1	240 l græn tunna, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 20 daga fresti	10.200
A.2	240 l græn tunna, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 20 daga fresti	12.700
A.3	240 l grá tunna, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 10 daga fresti	20.400
A.4	240 l grá tunna, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 10 daga fresti	25.400
A.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 10 daga fresti	56.100
A.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 20 daga fresti	69.850

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, blá tunna:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
B.1	240 l blá tunna, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 20 daga fresti	6.400
B.2	240 l blá tunna, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 20 daga fresti	8.900

Sorhirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorpílát, hirðu og förgun sorps.

Merkir pokar fyrir tilfallandi sorp umfram blandaðan úrgang: 700 kr./stk.

Merkir pokar fyrir tilfallandi sorp umfram pappírsúrgang: 440 kr./stk.

Gjald fyrir aukalosun blandaðs úrgangs: 3.470 kr./ferð auk 530 kr./ílát sem losað er.

Gjald fyrir aukalosun pappírsúrgangs: 3.470 kr./ferð auk 530 kr./ílát sem losað er.

Gjald vegna reksturs endurvinnslustöðva: 6.550 kr./fbúð. Gjaldi vegna endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva Sorpu bs.

## 3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

## 4. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-

Nr. 1270

3. desember 2013

varnir, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg, nr. 1280/2012.

*Borgarstjórin í Reykjavík, 3. desember 2013.*

**Jón Gnarr.**

---

B-deild – Útgáfud.: 9. janúar 2014